

i málinu frv. til laga um hvalveiðamenn.

Norðmenn eru í þann veginn að hætta hvalveiðum hjer við land. Fyrir nokkrum árum voru 8 hvalveiðastöðvar hjer á landi, nú eru að eins 3. Meðan Norðmenn voru að eyða hjer hvölunum, græddu þeir stórfje á veiðunum, en nú er svo komið, að þeir fáu hvalveiðamenn, sem eftir eru, þykjast tapa stórfje árlega, og kveðast vera á förum. Svo mikil þurð er orðin á hvalnum umhverfis landið.

Frá þessu sjónarmiði virðist því ekki brýn nauðsyn til þeirrar lagasetningar, sem frumv. þetta fer fram á.

En hjer er á fleira að líta.

Flestir munu telja það illa farið, ef hvalnum er algerlega eytt í hafinu umhverfis Ísland. Auk þrýðinnar í dýraríki landsins, sem er að þessum tignarlegu skepnum, hefir fram til síðustu ára verið mikil arðsvon af þeim í þeim árum, er landsmenn hafa hvað mest þarfnast, og er hjer átt við hvalrekana, sem í harðindum hafa oft bjargað heilum hjeruðum frá hungurdaða. Þessi bjargræðisvon er alveg úti, ef hvölunum er gereytt eða þeir algerlega flæmdir burtu.

Sú skoðun hefir og allajafna verið uppi hjer á landi, að hvalgöngur að landinu hefði þýðingu fyrir sildargöngu að landinu, einkum inn á firði og víkur, og væru þannig að gagni fyrir sildveiðar á fjörðum, en þær sildargöngur eru til hinna mestu nytja fyrir fiskiveiðar lundsmanna, þar sem sildveiði á fjörðum er eitt af aðalskilyrðunum fyrir þorskbeitufeng landsmanna.

Nefndin fullyrðir að vísu ekkert um það, á hve miklum rökum þessi skoðun er byggð, en þó má í þessu efni benda á að mesta hvalveiðarþjóð heimsins, Norðmenn, hefir fyrir tæpum 10 árum bannað allar hvalveiðar við Noreg, sökum þess, að þær væru þar í landi heldur skaðlegar fyrir sild- og fiskiveiðar landsins, og í ár er bann þetta endurnýjað í næstu 10 ár. Og þó græddu Norðmenn margar miljónir króna á hvalveiðunum. Fáar þjóðir munu kunnugri öllu, er að sildar- og fiskiveiðum lýtur en Norðmenn, og því er óneitanlega nokkuð tillit takandi til skoðana þeirra á þessu máli.

Það er ekki eingöngu hvaladrápið út af fyrir sig, sem veldur því, að hvalurinn hlýtur að hverfa úr hafinu umhverfis landið, heldur veldur það og afar miklu um fækkun hvalanna, að þeir sem undan skotunum komast styggjast burtu, er þeir hafa hvergi friðland hjer við land.

Væri nú þessar veiðar algerlega bannaðar, má vel gera ráð fyrir, að hvölunum fjölgaði aftur með tíð og tíma og gæti þá veiði þeirra orðið einn liður í atvinnuvegum landsmanna sjálfra. Auðvitað mundi þeim eins fjölga ef veiðin legðist sjálfkrafa niður, eins og alt útlit er fyrir, en þá mætti búast við að útlendingar söfnuðust aftur hingað til þessara veiða, svo að aftur sækti í sama horfið. Líka er á það að líta, að þótt ekki hjeldi hjer nema eitt fjelag uppi þessum veiðum með fleiri eða færri bátum, þá gæti það enn um nokkurn tíma unnið að því, að eyða hvölunum og flæma þá í burtu.

Nefndin verður því að ætla, að nú sje mjög heppilegur tími til þess, að dæmi Norðmanna, að banna allar hvalveiðar hjer við land eins og frumv. þetta fer fram á.

Því hefir verið haldið fram sem mótbáru gegn frumv. þessu, að hvalveiðamenn þeir, sem hjer verða, er lögin kæmu í gildi, mundu krefjast skaðabóta fyrir

atvinnuspjöll. Um það verður ekkert fullyrt, hvort þeir fengi sjer dæmdar skaðabætur, en á það má benda, að hvalveiðamenn i Noregi munu ekki hafa farið fram á neinar slíkar skaðabætur, enda var það einróma álit lögfræðisdeildar háskólans í Kristjaníu, að þeir hefðu engan rjett til þeirra. Til þess að taka af allan vafa um þetta atriði málsins, bað nefndin sendiræðismann Norðmanna að fá vitneskju um það hjá norsku stjórninni, hvort nokkurra slíkra skaðabóta hefði verið krafist af hinum norsku hvalveiðamönnum eða þeir fengið þær. Svar hefir ekkert komið upp á þessa málaleitun, þótt liðnar sjeu alt að þrem vikum síðan nefndin afhenti ræðismanninum i símskeyti fyrirspurn þessa. Nefndin telur því vonlaust úr þessu, að fá nokkra upplýsingu um þetta ræðismannsleiðina, og leggur því til, að frumvarpið sje samþykt.

Efri deild alþingis, 1. sept. 1913.

Einar Jónsson, formaður,  
með fyrirvara.

Sigurður Stefánsson,  
skrifari og framsögum.

Sig. Eggerz.